

AUGLÝSING
um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 1094/2016,
um sérstakan húsnæðisstuðning.

1. gr.

6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:
6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 8.079.000 kr.

2. gr.

Tafla í 5. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

| Fjöldi heimilisfólks | Neðri tekjumörk á ári | Efri tekjumörk á ári | Neðri tekjumörk á mánuði | Efri tekjumörk á mánuði |
|----------------------|-----------------------|----------------------|--------------------------|-------------------------|
| 1 | 5.935.476 | 7.419.345 | 494.623 | 618.279 |
| 2 | 7.894.184 | 9.867.730 | 657.849 | 822.311 |
| 3 | 9.199.988 | 11.499.985 | 766.666 | 958.332 |
| 4 | 9.971.600 | 12.464.500 | 830.967 | 1.038.708 |
| 5 | 10.802.567 | 13.503.209 | 900.214 | 1.125.267 |
| 6+ | 11.633.533 | 14.541.916 | 969.461 | 1.211.826 |

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 5. febrúar 2025 og á fundi borgarráðs 6. mars 2025, eru byggðar á 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Breytingarnar eru ívildandi og taka gildi frá og með 1. janúar 2025.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 7. mars 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 24. mars 2025